

Reykjavík, 22. október 2025


EFNI: UMSÖGN FÉLAGS TALMEINAFRÆÐINGA OG VISKU UM BREYTINGU Á LÖGUM UM SJÚKRATRYGGINGAR, NR. 112/2008

Félag talmeinafræðinga á Íslandi (FTÍ) og kjaradeild talmeinafræðinga innan Visku (hér eftir „Viska“), hafa farið yfir framlagt frumvarp. Umsögnin beinist einkum að ákvæðum sem varða kjör sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga á samningi við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ).


EINHLIÐA ÁKVÖRÐUN GJALDSKRÁR MUN HAFA ALVARLEGAR AFLEIÐINGAR

FTÍ og Viska mótmæla harðlega þeirri heimild sem frumvarpið veitir SÍ til að ákveða einhliða greiðslur og skilmála í allt að 12 mánuði, án gildandi samnings. Slík heimild skapar hvata til samningsleysis af hálfu ríkisins og leiðir til undirverðlagningar á störfum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstétta. Benda aðilar á að **mikill skortur er á talmeinafræðingum á Íslandi** og langir biðlistar fyrir fólk með flókna þjálfunarpörf. Ýmislegt bendir til að störf talmeinafræðinga **séu nú þegar undirverðlögð í samningum við SÍ þrátt fyrir mikinn skort**:

- Launavísitalan hækkað nær tvöfalt á við laun sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga: Launahækkanir til sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga hafa verið mun minni en almennar launahækkanir í landinu síðustu ár. Á árunum 2017-2024 hækkuðu laun sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga um 40%, fyrir hverja selda einingu í samningi við SÍ en á sama tíma hækkaði launavísitalan á Íslandi um 75%. Sjá mynd að neðan.




- Nær 5.000 börn sem bíða í allt að fjögur ár: Fjöldi barna í talþjálfun á árinu 2024 voru 56% fleiri en á árinu 2017. Í lok árs 2024 voru þá nær 5.000 börn á biðlista eftir talþjálfun á Íslandi en biðtími eftir þjónustu talmeinafræðinga er nú á bilinu tvö til fjögur ár.



- Ein mesta skortstéttin: Fjöldi talmeinafræðinga með gilt starfsleyfi voru 174 í lok árs 2024 eða um 4,5 á hverja 10.000 manns. Samanborið við 35 á hverja 10.000 manns í tilfelli þroskaþjálfar og 27 á hverja 10.000 í tilfelli sálfræðinga svo dæmi séu nefnd. Sjá mynd.

Fjöldi með gilt starfsleyfi á hverja 10.000



Í ljósi ofangreinds hvetja FTÍ og Viska stjórnvöld til að endurskoða áform um inngríp í samningsrétt heilbrigðisstétta og eiga raunverulegt samráð um framtíð SÍ. Félögin áskilja sér jafnframt rétt til að beita öllum tiltækum og lögmætum úrræðum til að sækja kjarabætur og verja rétt talmeinafræðinga til samningsfrelsis og faglegs sjálfstæðis.

Leggja félögin til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

- Að heimildin sé takmörkuð við hámark 3 mánuði í senn, með skyldu til formlegra samningaviðræðna, og heimildin verði ekki endurnýjanleg nema að undangengnu óháðu milligönguferli eða gerðardómi.
- Að gjaldskrá geti aldrei orðið lægri en sem nemur síðasta samningsverðgrundvelli, uppfært með þróun launa- og verðlags. SÍ verði þá gert að birta kostnaðarlíkan, forsendur stýringar og áhrifamat á aðgengi áður en ný gjaldskrá tekur gildi.
- Að viðkvæmir hópar séu skilgreindir og tryggt að þeir verði undanþegnir magnstýringum sem valda seinkun á endurhæfingar- og þroskaferli.

ÖNNUR ATRIÐI FRUMVARPSINS

- Í greinargerð er gert ráð fyrir rýmkuðum heimildum til að láta tiltekinn kostnað falla utan afsláttarstofns. Félögin telja óásættanlegt ef slíkt fordæmi yrði látið ná til talmeinafræðinga, með tilheyrandi auknum útgjöldum fyrir skjólstæðinga.
- Auknar heimildir SÍ til gagnaöflunar og eftirlits verða að vera skýrt afmarkaðar, gagnsæjar og í samræmi við persónuvernd og jafnræði. Félögin styðja eðlilegt eftirlit en leggja áherslu á samráð um verklag og viðmið.
- Tillaga um að samningsaðilar skuli almennt starfa sem hf./ehf. er íþyngjandi fyrir einyrkja og smærri starfseiningar. Undanþága fyrir „umfangslítinn rekstur“ þarf að vera skýr, fyrirsjáanleg og tryggð í reglugerð þannig að talmeinafræðingar þurfi ekki að breyta rekstrarformi án efnislegs ávinnings fyrir þjónustugæði eða gagnsæi.

Fyrir hönd Félags talmeinafræðinga,

Bryndís Guðmundsdóttir

Bryndís Guðmundsdóttir,
Formaður

Fyrir hönd Visku stéttarfélags,

Linda B. Markúsardóttir

Linda Björk Markúsardóttir, formaður
kjaradeildar talmeinafræðinga hjá Visku